

Nd.

128. L Ö G

um breyting á lögum nr. 40, 2. nóvember 1914, um heimild fyrir landsstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs skipaveðlán h.f. Eimskipafjelags Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 10. janúar).

Greinin orðist svo.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að ábyrgjast greiðslu á $\frac{1}{4}$ hluta veðláns, að upphæð alt að 600,000 kr., sem h.f. Eimskipafjelag Íslands tekur í erlendum eða innlendum banka eða bönkum, með fyrsta veðrjetti í tveim skipum, sem landsstjórnin og bankinn eða bankarnir taka gild sem veð. Lánið endurborgist á eigi lengri tíma en 12 árum, með jöfnum árlegum afborgunum.